

Ávarp rektors – upphafsfundur Nýsköpunarhraðals HÍ -AWE

4. janúar 2021

Gleðilegt nýtt ár!

Ég býð ykkur hjartanlega velkomnar á upphaf Nýsköpunarhraðals Háskóla Íslands fyrir konur undir merkjum Academy for Women Entrepreneurs, eða AWE, sem Háskóli Íslands stendur fyrir í samstarfi við sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi.

Eins og þið þátttakendur hafið eflaust séð er markmið hraðalsins að styðja konur við þróun viðskiptahugmynda þeirra og gera þeim betur kleift að stofna fyrirtæki á grundvelli þeirra. Hraðallinn er einnig ætlaður þeim konum sem þegar hafa stofnað fyrirtæki og vilja styrkja rekstrargrundvöll þess.

Í gegnum hraðalinn verður stuðningur í boði fyrir þátttakendur af hálfu Háskóla Íslands þar sem Fida Abu Libdeh, forstjóri og annar stofnenda GeoSilica, og Sandra Mjöll Jónsdóttir Buch, vöru- og markaðsstjóri Florealis, miðla af reynslu sinni sem mentorar í gegnum námskeiðið.

Þá munu sérfræðingar innan og utan Háskólans, m.a. úr hópi félaga í FKA, Félagi kvenna í atvinnulífinu, bæta um betur og stækka þekkingarbrunn námskeiðsins. Að auki munu samtök á borð við Samtök kvenna af erlendum uppruna og UAK, ungar athafnakonur, koma að framkvæmd hraðalsins. Mig langar að þakka öllum þessum aðilum fyrir þeirra mikilvægu aðkomu að verkefninu. Tengslatörg Háskóla Íslands með Jónínu Ólafsdóttur Kárdal, náms- og starfsráðgjafa, í fararbroddi styður einnig við þátttakendur og þá er fulltrúi rektors í framkvæmdnanefndinni, Sæunn Stefánsdóttir, forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands og sérfræðingur á skrifstofu rektors.

Sandra Mjöll Jónsdóttir Buch verður fundarstjóri hér í dag og mun hún kynna nánar dagskrá upphafs hraðalsins.

Kæru þátttakendur. Aldrei hefur verið mikilvægara en nú að efla nýsköpun í íslensku efnahagslífi og að sama skapi auka hlut kvenna á þeim vettvangi. Háskóli Íslands vill þar gjarnan leggja sitt af mörkum.

Og ekki stóð á ykkur. Meira en 85 gildar umsóknir bárust um þátttöku í hraðlinum og átti valnefndin úr vöndu að ráða við val á þeim 25 konum sem samankomnar eru hér í dag. Ég óska ykkur hjartanlega til hamingju með þátttökuna og óska ykkur alls hins besta við að þróa áfram ykkar viðskiptahugmyndir. Gaman er að sjá þá miklu breidd sem er í hópi þátttakenda. Þátttakendur koma alls staðar að af landinu og hafa mismunandi bakgrunn og reynslu í farteskinu.

Ég er þess fullviss að nýsköpunarhraðall Háskóla Íslands mun enn frekar efla þann nýsköpunarkraft sem býr í ykkur og óska ykkur enn og aftur góðs gengis við að fylgja eftir draumum ykkar. Takk fyrir.